

LOKA3MR07 (AB) Námsáætlun haustönn 2021



Kennari	Bjarni Bjarnason	Sk.st.	BBJ
----------------	------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Í áfanganum vinna nemendur verkefni sem felur í sér samþættingu þekkingar og færni sem aflað hefur verið í skóla og á vinnustað á námstímanum. Áhersla er lögð á skipulagningu, framkvæmd, eftirlit, skráningu og rökstuðning en að öðru leyti er ekki um að ræða fyrirfram ákveðna verkþætti. Reynt er að líkja eftir aðstæðum í atvinnulífinu og því hefur nemandi aðgang að öllum fyrirbyggjandi gögnum, efni, áhöldum og tækjum meðan á verkefninu stendur. Um er að ræða verklegan hluta sveinsprófs í múraraiðn. Þar sem verkefninu er ætlað að endurspeglar raunverulegar aðstæður er æskilegt að tíminn sem ætlaður er til þess dreifist ekki á langt tímabil.

Markmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- viðeigandi lögum, reglugerðum og stöðlum.
- gerð verkáætlana og kostnaðaráætlana.

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- vinna verkáætlun og afmörkuð hönnunargögn.
- vinna í samræmi við áætlanir um tíma og kostnað.
- gera grein fyrir efnisafföllum og frávikum frá kostnaðaráætlun.
- leggja mat á verkáætlun og hönnunargögn vegna verksins.

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- undirbúa verkefni sem honum er fengið á eigin spýtur.
- búa til efnis- og kostnaðaráætlun.
- velja heppileg áhöld og tæki fyrir einstaka verkþætti.
- afla sér upplýsinga um útfærslur, efni, áhöld og tæki.
- framkvæma verkefnið sjálfstætt í samræmi við áætlanir.
- fylgja fyrirbyggjandi verkáætlun og hönnunargögnum.
- vinna í samræmi við lög, reglugerðir og staðla.
- vinna með hliðsjón af gæðakröfum og viðurkenndu verklagi.
- vinna í samræmi við viðurkenndar öryggisreglur og öryggisbúnað.
- gera öðrum grein fyrir verkefninu og framkvæmd þess.
- rökstyðja val á aðferðum, efnum, áhöldum og tækjum.
- gera grein fyrir notkun og viðhaldi á áhöldum og tækjum.
- meta gæði verks með hliðsjón af lögum, reglugerðum og stöðlum.

Námsgögn:

Lög og reglugerðir og eldri verkefni nemenda.

